



# HAFNARFJÖRÐUR

## Minnisblað – Bæjarráð 10. ágúst 2017

### Málsnr. 1704040 – Fjárhagsáætlun 2018 - 2021

#### Forsendur:

- Neysluverðsvísitala hækkar um 2,7% skv. Þjógagsspá hagstofu
  - Liðir sem taka vísitöluhækkunum sem og ákveðnir kostnaðarliðir munu því hækka sem því nemur.
  - Verðbótaþáttur lána mun einnig hækka um 2,7%.
  - Eftir að taka ákvörðun hvort gjaldskrár taka vísitöluhækkun eða öðrum breytingum
- Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um tæp 18% og atvinnuhúsnæðis um rúm 9%.
- Launavísitala hækkar um 6,5% skv. Þjóðhagsspá hagstofu (notað í áætlun útsvars en launaáætlanir miða við kjarasamninga). Gert ráð fyrir að íbúafjölgun verði um 2% árið 2018 en aukist í um 2,5% árin 2019 og 2020 vegna Skarðshlíðar
  - Eftir að ákveða álagningaprósentur fasteignagjalda og útsvars
- Kjarasamningar kennara eru lausir í desember 2017 og þarf því að áætla sérstaklega hver hækkun þeirra verður

#### Tímarammi fjárhagsáætlunar 2017

- Launateningur verður opnaður í viku 32. Excel skjal með aðgangsstýringum verður sent út til uppfærslu í þessari viku. Launaáætlun á að liggja fyrir í lok ágúst (grunn- og leikskóla er ekki hægt að fullklára fyrr en í september)
- Tekjuáætlun unnin í ágúst í takti við efnahagsspá og áherslur
- Rekstraráætlunarskjal verður sent út í viku 33 og skilafrestur er **11. sept.** (vika 37)
  - Athuga sérstaklega áætlun um búnaðarkaup og nauðsynlegt viðhald
  - **Vinna skal rekstraráætlun miðað við óbreyttan rekstur. Allar óskir um breytingar og/eða viðbætur skulu lagðar fram í sérstökum listum og tekið fyrir eftir að grunnur fjárhagsáætlunar liggur fyrir**
- Framkvæmdaáætlun skal liggja fyrir þann **22. sept.** (vika 38)
- Greinagerð á að vinnast samhliða áætlanagerð og liggja fyrir þegar áætlun verður lögð fram í lok október.
- Ráðin verði með endanlegar tillögur í viku 41 (9 – 13. okt. og bæjarráð þarf að afgreiða tillögur í viku 42 (16. -20. Okt., bæjarráð er 19. okt).
- **Lokafrágangur og fjárhagsáætlun afgreidd á aukafundi í bæjarráði í viku 43 (23.-27. okt) (Athuga að 31. okt er þriðjudagur og er það síðasti mögulegi dagur fyrir aukafund til endanlegrar afgreiðslu)**
- Fyrri umræða bæjarstjórnar verður 8. nóvember 2017 og áætlað að seinni umræða og endanleg afgreiðsla fjárhagsáætlunar fari fram 2 vikum síðar eða 22. nóvember 2017.